

IX. Tillaga til 404. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. september 2017.

Tillaga frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Hér er tillaga að ályktun sem óskað er eftir að sveitarstjórnir á Vestfjörðum setji fram í aðdraganda borgarafundar þann 24. september n.k..

„Borgarafundur á Vestfjörðum 24. september 2017 vill að mat á samfélagslegum áhrifum verði í framtíðinni lagt til grundvallar stórfamkvæmdum og lagasetningu þegar það á við.

Jafnframt setur fundurinn fram eftirfarandi þrjár kröfur:

- Ráðist verði strax í vegagerð í Gufudalssveit samkvæmt leið Þ-H (um Teigsskóg), vegna brýnna hagsmuna sveitarfélaganna, atvinnulífsins og íbúa
- Raforkumál á Vestfjörðum verði færð í nútímabúning með hringtengingu Vestfjarða um Ísafjarðardjúp, þannig að atvinnutækifærum fjölgi á Vestfjörðum.
- Laxeldi verði áfram heimilað í Ísafjarðardjúpi og í því ljósi setji stjórnvöld fram, fyrir árslok, ákvæði um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að verja laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi gegn hugsanlegri hættu á erfðablöndun. “